



Fundargerð

Aðalfundur Frímanna var haldinn í húsnæði reglunnar og einnig með fjarfundarbúnaði laugardaginn 13. mars 2021 kl. 11:00.

Af stjórnarmönnum voru mættir:

Baldvin Magnússon (**BM**), Þorkell Ágústsson (**ÞÁ**) Ellert Magnússon (**EM**)
Hrafnkell Tuliníus (**HT**) Mór Sveinbjörnsson (**MS**), Ásmundur Richardsson
(**ÁR**) og Erling Adolf Ágústsson (**EAA**) og Ari Þórðarson (**AP**).

Aðalfundarstörf:

1. Kosning fundarstjóra og ritara

Formaður bauð fundarmenn velkomna, og bar upp tillögur um fundarstjóra og fundarritara. Þorkell Ágústsson var kosin ritari fundarins og Baldvin Magnússon kosin fundarstjóri.

2. Skýrsla formanns/stjórnar var lesin

Sjá skýrslu formanns í viðauka 1.

3. Ársreikningar lagðir fram

Ársreikningar lagðir fram og er þeir að litlu leiti með annarri framsetningu en fyrri ár, einkum til þess að gefa gleggri mynd af rekstrinum klúbbsins.

Hagnaður var á árinu um kr. 315.352. Félagið stendur vel og er eigið fé 3.318.972. Miðað hefur verið við að klúbburinn eigi fyrir einu rekstrarári án tekna í það minnsta.

Reikningarnir voru lagðir fyrir og voru samþykktir einróma, sjá ársreikning fyrir rekstrarárið 2022.

4. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt

Fjárhagsáætlun var lögð fram til samþykktar og hún samþykkt. Ýtarlegri upplýsingar má finna í fjárhagsáætlun 2023.

Lagt er til að félagsgjöld verði kr. 6.000 fyrir bræður og 5.000 fyrir maka. Líklegt er að félagatal aukist en var 517 á árinu 2022.

5. Lög klúbbsins, stjórnarmenn og varamenn

- a) Engin lagabreyting var tekin fyrir.
- b) Kosning formanns til eins árs. Núverandi formaður bauð sig til áframhaldandi setu og var kosin áfram.
- c) Kosning tveggja stjórnarmanna til tveggja ára. Hrafnkell Tulinius (var í varastjórn) en var kosin í aðalstjórn ásamt nýjum stjórnarmeðlimi, Páll Arnar Erlingsson. Framboð beggja var samþykkt.
- d) Þrír stjórnarmenn: Ellert, Már og Ásmundur voru kosnir í varastjórn.
- e) Kosning skoðunarmanns ársreikninga. Sigurður Sigurbjörnsson var samþykktur áfram.

6. Önnur mál

- Utanlandsferðir aðeins ræddar og nokkrar góðar hugmyndir viðraðar en ekkert samþykkt.
- Hugmynd kom fram um að vera með reglubundna tíma
- Hugmynd um að setja á stofn Systamót á svipuðu landssvæði og Bræðramót og á sama degi. Spennurnar í Hamri hafa reglulega verið á Flúðu á sama segi og Bræðramót á Hellu og leiddi umræðan á fundinum til þess að hafa samband við (Má stjórnarmann Frímanns) og kanna þann möguleika að systur fái að spila með Spennunum.
- Hugmynd að vefsíðu FGF kynnt og leist fundarmönnum vel á og sett í hendur stjórnar að fara lengra með hugmyndina.

ÞÁ tók saman.

Viðauki 1 - Skýrsla stjórnar 2019-20

Skýrsla stjórnar starfsárið 2022

Á árunum 2022 voru haldnir reglulegir fundir auk tölvusamskipta milli stjórnarmanna þar sem farið varið var yfir þau mál sem komu upp á hverjum tíma. Rekstur klúbbsins var góður og jafnvægi var á rekstri 2022. Á liðnu starfsári vorum við með 13 vinavelli auk vinavalla í golfhermi golfklúbbsins og var almenn ánægja með þann fjölda. Vinna er í gangi varðandi vinavelli 2023 sem verður kynnt í næsta fréttabréfi.

Félagar í Frímanni hefur fjölgað jafnt og þétt og eru félagar nú 520 bræður, systur og niðjar.

Bræðramótið var haldið að Hellu að venju árið 2022 og tókst vel í alla staði og veittu fjölmörg fyrirtæki okkur góðan stuðning til að mótið yrði hið glæsilegasta sem það og var. Hangikjötið á sínum stað en breyting var gerð á reglugerð á síðasta starfsári og erum við ekki bundnir hangikjötinu á sama máta og áður.

Landsmótið var haldið á Öndverðanesi í umsjón Röðulsbræðra. Sem buðu í veglega setningarathöfn í húsinu sínu á Selfossi og eiga þeir miklar þakkir fyrir. Mótið var vel sótt af um 160 bræðrum og systur. Mótinu var síðan slitið að loknum leik með veislumáltíð og verðlaunaafhendingu í golfskálanum. Röðuls bræður og mótstjórn okkar unnu gott starf og skipulag í þessum mótum og færur við þeim þakkir fyrir sem og bræðrum okkar í golfklúbbum í Öndverðanesi. Ákveðið var að næsta Landsmót verði haldið í Reykjavík hjá GR.

Einvígi Frímúrara og Odfellow bræðra var haldið á Urriðaholtsvelli í Garðabæ en það mót er haldið í umsjón Mímisbræðra og Frímann. Góð þátttaka var frá okkar bræðrum, En leikar fóru þannig að Oddfellow bræður sigruðu að loknu var sameiginleg bræðramáltíð og verðlaunaafhending.

Meistaramót Frímanns var haldið á Alcaidesa á 20 ára afmæli klúbbsins þann 22 -23 okt en klúbburinn vað 20 ára þann 14 nóv 2022.

Að lokum vil ég þakka öllum félugum í stjórn og varastjórn og bræðrum í þeim stúkum er aðstoðuðu við mótahald gott samstarf á liðnum árum.

Flutt á aðalfundi 10 mars 2023